


TORGID

FRÉTTABRÉF
SKIPULAGS-
STOFNUNAR
HAUST 2020



Landsskipulagsstefna

20 mínútna bærinn

Landslagsgerðir
kortlagðar

Loftslagsmiðað skipulag

Samráðs- og gagnagátt
um skipulag
og framkvæmdir

Skipulagsglugginn
í miðbæ Hvalsvallar

Mynd: Dreamstime.com

Tillaga að landsskipulagsstefnu í kynningu

Torgið, fréttabréf Skipulagsstofnunar, kemur nú út í þriðja sinn undir lok þessa óvanalega árs 2020. Fréttabréfið er að þessu sinni helgað tillögu að landsskipulagsstefnu, sem nú er til kynningar.

Með tillögunni bætist við gildandi landsskipulagsstefnu nánari stefna um skipulagsmál með tilliti til loftslagsmála, landslags og lýðheilsu. Einnig eru í henni lagðar til breytingar á fyrirliggjandi landsskipulagsstefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Í tillögunni eru sett fram markmið sem stefna ber að við skipulagsgerð og aðra áætlanagerð um þróun byggðar og landnotkun. Jafnframt eru skilgreind margvísleg verkefni stjórnvalda sem stutt geta við skipulagsvinnu sveitarfélaga, meðal annars leiðbeiningagerð og verkefni sem miða að því að bæta aðgengi að grunngögnum og greiningum. Tillöguna í heild sinni má nálgast [hér](#).

Það er von okkar hjá Skipulagsstofnun að landskipulagstillagan vekji áhuga þeirra sem koma með einum eða öðrum hætti að skipulagsgerð – sveitarstjórnarfólks og fagfólks jafnt sem áhugafólks um skipulagsmál.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
forstjóri

20 mínútna bærin

Skipulagshugmynd um margþættan ávinning



Mynd byggð á skýringarmynd um 20 mínútna hverfið í skipulagi Melbourne í Ástralíu.

Við mótun tillögu að landskipulagsstefnu hefur verið leitast við að draga markvisst fram skipulagsáherslur sem unnið geta samtímis að fleiri en einu markmiði. Skipulagshugmyndin um 20 mínútna bæinn (eða 20 mínútna hverfið) fellur vel að þeirri nálgun.

Helsta einkenni 20 mínútna bæjarins er blönduð byggð þar sem íbúðir, vinnustaðir og þjónusta eru staðsett í nálægð við hvert annað. Með því móti styttest vegalendir og íbúum gefst kostur á að sinna helstu þörfum daglegs lífs á smærra svæði. Mikið getur áunnist í loftslagsmálum með þessum áherslum, bæði vegna minni losunar frá samgöngum og vegna þess að minna land þarf að brjóta undir byggð og samgöngumannvirki en ella. Skipulag í anda 20 mínútna bæjarins getur einnig aukið virkni íbúa, bætt loftgæði og dregið úr hávaðamengun, auk

þess að stuðla að fjölbreyttum og lifandi bæjarrýmum sem styðja samskipti og mannlíf.

Hugmyndin um 20 mínútna bæinn er ekki ný af nálinni, en slík nálgun var sjálfsögð fyrir tíma einkabilsins þegar uppbygging bæja miðaðist við að hægt væri að sækja atvinnu og helstu þjónustu á tveimur jafnfljótum. Aukin athygli hefur beinst að hugmyndinni víða erlendis á síðustu árum og hún hefur einnig skotið upp kollinum í skipulagsvinnu hér á landi, meðal annars í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Fjallað var um 20 mínútna bæinn frá ýmsum hliðum á Skipulags- og umhverfismatsdeginum, sem haldinn var í nóvember undir yfirskriftinni *Rými fyrir mannlíf og samtál*. Nálgast má glærur og upptökur frá viðburðinum [hér](#).

Loftslagsmiðað skipulag

Loftslagsvandinn kallar á breytingar og endurhugsun á umhverfi okkar og innviðum. Hér á landi sem annars staðar þarf að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda auk þess að gera ráðstafanir til að aðlagast afleiðingum loftslagsbreytinga. Slíkar aðgerðir þarf að flétta inn í alla stefnu-mörkun og áætlanagerð stjórnvalda, þar á meðal á sviði skipulagsmála.

Kolefnishlutleysi og viðnámsþróttur

Tillaga að landsskipulagsstefnu setur fram stefnu um *loftslagsmiðað skipulag*, en með því er átt við að skipulag stuðli að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í loftslagsmiðuðu skipulagi eru loftslagsmarkmið höfð í forgrunni við útfærslu byggðar og landnotkunar og skipulagsgerðin þannig nýtt til að draga úr loftslagsáhrifum og auka aðlögunarhæfni samfélagsins gagnvart loftslagsbreytingum. Skipulagsáherslur um loftslagsmiðað skipulag geta farið vel saman við önnur samfélagsleg markmið þegar unnið er að skipulagi byggðar, hvort sem um ræðir lýðheilsu íbúa, grænna umhverfi eða bæjarlíf.

Í tillögunni er áhersla lögð á að skipulag skapi skilyrði fyrir loftslagsvænni ferðavenjum og að byggð



Tillaga að landsskipulagsstefnu leggur áherslu á að skipulag styðji við virka ferðamáta, eins og göngu og hjóleiðar.

verði skipulögð á grundvelli hugmyndarinnar um 20 mínútna bæinn. Með því móti má auðvelda fólki að fara ferða sinna gangandi og hjólandi, eða nýta almenningssamgöngur. Einnig er horft til þess hvernig sú yfirsýn sem fæst við skipulag sveitarfélaga getur nýst til að koma auga á tækifæri til að draga úr kolefnisspori byggðar og landnotkunar. Því er beint til sveitarfélaga að gera ráðstafanir í skipulagi vegna afleiðinga loftslagsbreytinga, bæði hægjara umhverfisbreytinga líkt og hækknar sjávarborðs sem og loftslagstengdra náttúruhamfara á borð við flóð og ofsaveður.

Áhrif skipulagsákvæðana á losun frá landi

Mikil tækifæri felast í að draga úr losun hér á landi með aðgerðum á sviði landnotkunar, þar á meðal með verndun



Losun frá framræstu votlendi er afgerandi þáttur í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Myndir: Dreamstime.com

og endurheimt votlendis. Umtalsverða losun hér á landi má rekja til framræsts votlendis og því hafa ákvarðanir í skipulagi um nýtingu og vernd votlendis mikið að segja um loftslagsáhrif landnotkunar.

Tillaga að landsskipulagsstefnu beinir því til sveitarfélaga að forðast að ganga á land sem er ríkt af kolefni, svo sem votlendi og annan kolefnisríkan jarðveg og skóga. Einnig er lögð áhersla á að draga úr jarðvegseyðingu og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast, með það að markmiði að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Lagt er til að umhverfis- og auðlindaráðuneytið standi fyrir gerð upplýsingagáttar um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar, svo sem um kolefnisspor ólíkrar landnotkunar.


Landslagsgerðir kortlagðar

Í nóvember kom út skýrslan *Landslag á Íslandi – flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu, sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun af EFLU verkfræðistofu í samstarfi við Land Use Consultants í Skotlandi.*

Skýrslan markar tímamót í umfjöllun um landslag hér á landi, en hún hefur að geyma fyrstu heildarkortlagningu landslagsgerða á Íslandi. Sett er fram flokkunarkerfi fyrir landslagsgerðir og skilgreindir sjö yfirflokkar landslags. Undir hverjum flokki eru skilgreindar

27 landslagsgerðir og allt landið kortlagt með tilliti til þeirra. Alls eru kortlögð 117 landslagssvæði og sett fram stutt lýsing á hverju þeirra. Skýrsluna má nálgast [hér](#) og landupplýsingagögn eru aðgengileg til niðurrhals [hér](#).

Í landsskipulagstillögunni sem nú er til kynningar er lagt til að Skipulagsstofnun hafi forgöngu um flokkun, kortlagningu og lýsingu meginlandslagsgerða og landslagssvæða á landsvísu, auk þess að vinna leiðbeiningar um landslagsgreiningu og greiningu staðareinkenna við skipulagsgerð.



Skýrslan er fyrsta skrefið í þessari viðamiklu vinnu og leggur til mikilvægar grunnupplýsingar um landslag utan þéttbýlis sem nýta má við nánari kortlagningu og staðbundnar greiningar í tengslum við skipulagsgerð á einstökum stöðum.

Áform um vefgátt um skipulag og framkvæmdir

Markvisst og vandað samráð er mikilvægur liður í undirbúningi skipulagsákvæðana. Tillaga að landsskipulagsstefnu leggur áherslu á að við skipulagsgerð verði ólíkum aldurs- og félagshópum tryggð tækifæri til að hafa áhrif á ákvæðanir um sitt nær-umhverfi. Vikið er að mikilvægi þess að beita fjölbreyttum aðferðum við kynningu og samráð og að framsetning skipulagsgagna auðveldi almenningu að kynna sér tillögur og mynda sér skoðun á þeim. Þetta viðfangsefni

var til umfjöllunar á Skipulags- og umhverfismatsdeginum í nóvember og var þar sjónum sérstaklega beint að stafrænum lausnum og nýjungum við samráð.

Í landsskipulagstillögunni, og einnig í frumvarpi til breytinga á skipulagslögum sem nú er til meðferðar á Alþingi, er lagt til að Skipulagsstofnun starfræki landfræðilega gagna- og samráðsgátt um skipulagsgerð, umhverfismat og leyfisveitingar.

Hugmyndin er að birta þar gögn um skipulag, umhverfismat og leyfisveitingar jafnóðum og þau verða til, auk umsagna og athugasemda sem berast við kynningu skipulagstillagna og umhverfismats. Vonir standa til þess að hægt verði að koma gáttinni í rekstur á árinu 2022, en hún mun án efa auka skilvirkni og bæta aðgengi að upplýsingum og gagnsæi við skipulagsgerð og ákvæðanir um einstakar framkvæmdir.

Skipulagsglugginn


Áhugaverð skipulagsverkefni

Skipulagsglugginn opnast að þessu sinni á Hvolsvelli. Deiliskipulag fyrir miðbæ Hvolsvallar var nýlega endurskoðað.

Margt í skipulagsvinnunni kallast á við hugmyndina um 20 mínútna bæinn og skipulagsáherslur í tillögu að landsskipulagsstefnu.

Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfræðingur hjá Landmótun, kynnti miðbæjarskipulagið og hugmynda-vinnu við þróun þess á Skipulags- og umhverfismatsdeginum í nóvember.

Við gerð deiliskipulagsins var lagt upp með að auka gönguhæfi bæjarins með því að breyta yfirbragði þjóðvegjarins í gegnum bæinn, tengingum yfir þjóðveginn, breiðari gangstéttum og göngu- og hjólastígum. Ætlunin er að hægja á bílaumferð, auka umferðaröryggi og gera virkum ferðamátum hærra undir höfði.



Áhersla er á gróður og sjálfbærar ofanvatnslausnir. Einnig er ráðgert að færa byggðina nær þjóðveginum með nýrri blandaðri byggð sunnan vegar og útfærð stefna um fjölnota útivistar- og samkomusvæði í hjarta bæjarins.

Skipulaginu er ætlað að stuðla í senn að heilsuefandi samfélagi, fallettri bæjarmynd, öruggu og vönduðu búsetuumhverfi, bættu öryggi við þjóðveginn og grænni ásýnd bæjarins. Sjá nánar í skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar.